



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Fimmtudagur, 20. nóvember 2014

Ákvörðun nr. 33/2014

Samruni Líflands ehf. og Nesbúeggs ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Þann 30. október 2014 barst Samkeppniseftirlitinu svonefnd styttri samrunatilkynning sem lýsir kaupum Líflands ehf. (hér eftir Lífland) á öllu hlutafé sameigenda félagsins í Nesbúegg ehf. (hér eftir Nesbúegg) en fyrir átti Lífland 27,2% eignarhlut. Samhliða framangreindum kaupum keypti Feier ehf. 25% í Nesbúeggi og á jafnframt kauprétt á 25% eignarhlut til viðbótar næstu 18 mánuði. Með framangreindum kaupum er því eignarhlutur Líflands í Nesbúeggi nú kominn í 75%. Samrunatilkynningunni fylgdu ýmis fylgigögn.

Í kaupsamningum eru gerðir fyrirvarar um að fyrir liggja samþykki Samkeppniseftirlitsins um kaupin til samræmis við 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005.

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting á yferráðum verður til frambúðar. Er nánar tilgreint í a. til d. liðum 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga í hvers konar aðgerðum samruni getur falist. Í a. lið 1. mgr. er sagt að þetta geti gerst vegna samruna tveggja eða fleiri fyrirtækja eða hluta úr fyrirtækjum sem áður störfuðu sjálfstætt.

Í samrunatilkynningunni kemur fram að meginstarfsemi Líflands sé framleiðsla á dýrafóðri og möluðu hveiti svo og sala á rekstrarvörum fyrir landbúnað og vörur fyrir hestamennsku og dýrahald. Fram kemur að Líflandi hvorki framleiði né selji egg.

Starfsemi Nesbúeggs felist að sögn í framleiðslu og sölu á eggjum og afurðum úr eggjum til verslana. Nesbúegg hafi á liðnum árum keypt hráefni af Líflandi ásamt því að fylgjast með verðtilboðum annarra framleiðenda. Fram kemur að engin breyting verði á því þótt



Lífland eignist meirihluta í félaginu enda komi nýr aðili að félaginu sem sé ótengdur Líflandi eða eigendum þess.

Um bein og óbein yfirráð Líflands í öðrum félögum segir í samrunatilkynningu að félagið eigi 100% eignarhlut í Kornaxi ehf., 66,67% eignarhlut í Grönnum ehf., 100% eignarhlut í Söðlasmiðnum ehf., 55,56% eignarhlut í Meroe ehf. og 27,2% eignarhlut í Nesbúeggi ehf. fram að framangreindum kaupum.

Í samrunatilkynningunni kemur fram að Nesbúegg eigi ekki eignarhluti í öðrum fyrirtækjum.

Með kaupsamningum, dags. 3. og 7. september 2014, keypti Lífland, eins og áður segir, allt hlutafé af sameigendum sínum í Nesbúeggi. Samhliða kaupum Líflands í Nesbúeggi keypti Feier, sem er eignarhaldsfélag, 25% eignarhlut í félaginu og er eignarhlutur Líflands í Nesbúegg því nú orðinn 75%. Af þessu má ráða að í máli þessu er um að ræða lóðréttan samruna, þ.e. samruna fyrirtækja á mismunandi sölustigi, sem felst í því að Lífland eignast 75% í Nesbúegg.

III.

Niðurstaða

Við mat á samkeppnislegum áhrifum af samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Samrunaaðilar starfa ekki á sömu mörkuðum. Lífland framleiðir og selur m.a. fóður til kúa-, kjúklinga, eggja-, svína, kalkúna og sauðfjárþænda. Félagið áætla markaðshlutdeild félagsins í kjaranfóðursölu á Íslandi undir 50%.

Nesbúegg hefur í mörg ár keypt fóður af Líflandi og forvera þess Mjólkurfélagi Reykjavíkur hf. Nesbúegg selur Líflandi hvorki vörur eða þjónustu.

Að mati samrunaaðila er landfræðilegur markaður málsins Ísland þar sem þeir vörumarkaðir sem þeir starfi sameiginlega á sé nánast eingöngu þar að finna.

Samkeppniseftirlitið telur að markaðir málsins séu sala á fóðri til eggjaframleiðslu annars vegar og framleiðsla og heildsala á eggjum hins vegar. Landfræðilegi markaðurinn er Ísland þar sem viðkomandi starfsemi samrunaaðila fer fram. Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2012 *Verðþróun og samkeppni á dagvörumarkaði* má sjá að þrjú eggjabú sinna nær allri framleiðslu á eggjum fyrir dagvöruverslanir. Stærst þeirra eru Stjörnuegg og Nesbúegg. Sé litið til markaðshlutdeildar samrunaaðila má sjá að hlutdeild Nesbúeggs var undir 25% á heildsölumarkaði til dagvörumarkaða á árinu 2010 en stærst var Stjörnuegg með undir 55% markaðshlut. Sé markaðshlutdeild metin út frá



forðagæsluskýrslum 2012/2013 þá voru 203.600 varphænur í landinu og var Nesbúegg með þriðjung þeirra líkt og Stjörnuegg.

Af framangreindu telja stjórnendur Líflands að aukinn eignarhlutur félagsins í Nesbúeggi hafi engin samkeppnisleg áhrif í för með sér, hvorki á markaði fyrir egg né fóður. Félagið hafi fram til þessa selt Nesbúeggi fóður til eggjaframleiðslu og að starfsemi félagsins skarist ekki við starfsemi eggjabúsins. Með hliðsjón af hlutdeild samrunaaðilla á skilgreindum mörkuðum þessa máls má sjá að sameiginleg markaðshlutdeild þeirra á viðkomandi mörkuðum málsins muni ekki breytast með tilkomu samrunans.

Athugun Samkeppniseftirlitsins hefur ekki leitt í ljós nein atriði sem benda til þess að sá samruni sem felst í 75% eignarhaldi Líflands í Nesbúegg sé líklegur til að valda röskun á samkeppni hér á landi. Í ljósi þessa og með hliðsjón af gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

IV. Ákvörðunarorð:

„Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna þessa máls á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson